

Jakob Hafstein sýnir í Njarðvík

Um síðustu helgi opnaði Jakob Hafstein málverkasýningu í Sjálfstæðishúsinu í Ytri-Njarðvík, sem ég hygg að sé nýtilkomið húsnæði fyrir myndlistarsýningar, en er eins og önnur félagsmálhús sérfélaga, einkum ætlað til fundarhalds og fræðslustarfa, en lánað þess í milli undir annað.

Meiri umsvif víðtækara svið.

Jakob Hafstein sýnir að þessu sinni 40-50 myndir. Olíumálverk, vatnslitamyndir og pastel.

Jakob Hafstein (f.1914) hefur fengist við myndlist frá barnsaldri, ritað sögur og ljóð og sungið; eins og flestum er kunnugt og er þjóðkunnur af þeim störfum, þótt einkum hafi önnur

störf setið í fyrirrúmi fram til þessa, rekstur fyrirtækja og víðtæk félagsmálástörf og störf að fiskiræktarmálum og laxveiðimálum.

Ekki er minnsti vafi á því að Jakob Hafstein hefði getað náð langt í mörgum greinum lista, eða fræða, ef hann hefði einbeitt sér að einu verki, í stað þess að beita sér á mörgum viginum í margvíslegum málum, en það er önnur saga.

Hin síðari ár hefur hann þó lagt meiri áherslu á myndlistina en oft áður, og að voru mati hefur hann náð þar meiri þroska.

Myndefni Jakobs Hafstein voru lengi framan af einkum tengd landslagi. Mestanspart, er óhætt að segja, en nú hefur hann stækkað sviðið. Selur, fugl og maður er kominn inn í myndina

bærinn, eða „þorpið“ eins og það heitir á myndlistarmálinu.

Þetta hefur skeð á allra seinustu árum.


Að þessu sinni eru það einkum minni myndir, sem sýndar eru. Unnar með olíu, vatnslit og í pastel. Undirritaður hefur ekki séð öll þessi verk, en þó fylgst með og séð sum. Sem áður eru það vatnslitamyndirnar, sem virðast gefa bestan árangur, í því efni hefur Jakob Hafstein að voru mati náð mestum árangri til þessa, en í öðrum efnum keppir hann við sjálfan sig.

Njarðvíkingar, eða Sudurnesjamenn hafa tekið sýningu þessari vel og á opunardegnum seldist á annan tug mynda og sýningin hefur verið vel sótt, en þetta hvort tveggja er einn af þeim mælikvörðum, sem lagður er á myndir í flestum löndum.

Sýning Jakobs Hafstein er opin alla daga frá 1400-2200 og henni lýkur á sunnudagskvöld.



Jakob Hafstein.



Þorbjörg Höskuldsdóttir

Dagana 14.-29. mars stendur yfir á Kjarvalsstöðum sýning á málverkum og teikningum eftir þær Guðrúnu Svövu Svavarsdóttur og Þorbjörgu Höskuldsdóttur, en báðar hafa þær verið allvirkir myndlistarmenn á seinustu árum, haldið dævanar sýningar, gjört leikmyndir og sithvað fleira.

Í Morgunblaðinu segir að Þorbjörg hafi stundað nám í myndlist í Myndlistarskólanum í Reykjavík og síðar akademíunni í Kaupmannahöfn og Guðrún Svava í sama skóla hér heima, en síðar í Moskvu, og í Þjóðviljanum segir að óhætt sé að mæla með sýningu þeirra Þorbjargar og Guðrúnar Svövu.

Það má því segja að nokkur eftirvænting hafi verið hjá flestum að sjá þessa sýningu sem

Tvær listakonur á Kjarvalsstöðum

bæði stórblöð menningarinnar mæla svo eindregið með, aukinn heldur leikur Manuela Wiesler undir á flautu.

Margar myndir og myndraðir um frelsi.

Guðrún Svava Svavarsdóttir sýnir þarna 14 olíumálverk er fjalla um almenn viðfangsefni, en auk þess eru fjögur olíumálverk um frelsi sérstaklega, og

Jónas Guðmundsson MYNDLIST

átta myndaraðir, með um það bil 30 teikningum, þar sem enn er fjallað um frelsið.

Þorbjörg Höskuldsdóttir er með 11 olíumálverk, og um það bil 20 verk er hún færir undir blandaða tækni.

Það er sannast fremur daufur blær yfir þessari sýningu, svona fljótt á titið og fátt nýtt kemur fram, eða er nýtt uppi á teningnum hjá þeim stöllum, sem fara sér hægt innan myndlistarinnar, sem er út af fyrir sig ágætt. Varkárni er afl í myndlist ekki síður en í öðru spili, en nóg um það.

Þótt áður nefndir listamenn leigi saman húsakynni og hafi

sama inngang og skrá, eru myndheimar þeirra tveir og í raun og veru er um tvær sjálfstæðar sýningar að ræða, og verður því fjallað um þær hvora fyrir sig.

Guðrún Svava er einlægur myndlistarmaður og málari frelsi. Ekki veit ég hvort það er skólagrein í Stonganov akademíunni í Moskvu. En í einföldum tilbrigðum notar hún

mannsins. Hún hefur ekki fundið upp þessa aðferð. Henni beita margir, en hér á landi er þetta hennar vörumerki, ef svo má orða það.

„Súlurnar og flisagöngin eru afturhvarf í gamla tíma. Eg vil halda þeim á lofti“ segir hún í samtali við Þjóðviljann, en í Morgunblaðinu segir hún: „Þetta eru sennilega áhrif frá húsbyggjendum.“

Eg sé nú ekki ástæðu til þess

mannshöndina og lífríki, blóm og fíðrildi.

Af frelsismyndum fannst mér myndaröðin No. 16 áhugaverðust, þegar maður, (hönd) seilist eftir fíðrildi og kremur það í lófa sínum. Frelsi í olíumálverkum er ekki eins áhrifamikill.

Í myndaflokknum Olía á striga er meiri fjölbreytni.

Útfærslan er þó fremur veik. Þó eru þarna dágóðar myndir, eins og til að mynda í draumnum og Fedgar í regni.

Að visu vantar fyllingu í litinn, afl, liggur manni við að segja, og ég hygg að framfarir verði, eða séu nauðsynlegastar í litnum.

Að flisaleggja landið.

Þorbjörg Höskuldsdóttir, hefur gjört það að sérgrein sinni að „flisaleggja landið“, eða hún notar flisagölf og stundum súlur, eða hluta af steinbyggingum, til þess að auka dýpt og lifandi byggingu landsins og

ad útskýra þessa vinnu í blöðunum, hún skýrir sig greinilegast í myndunum sjálfum.

Þorbjörg Höskuldsdóttir er afburða teiknari, nýtur þess í allri myndsköpun. Þó finnst mér hin blandaða tækni og minni myndir, bera af stærri



Guðrún Svava Svavarsdóttir.

verkunum, sem eru dálitið vandræðaleg í litnum.

Einkum var ég hrifinn af myndum er hún nefnir Frumdrögen þær eru níu eða tíu talsins. Þær eru frjálst og dularfullt spil, sem gleður augað.

Segja má að ekkert nýtt komi í raun og veru fram á þessari sýningu. En ávallt er þó gaman að fylgjast með listamönnum, hvernig það tommar í straumkastinu mikla.

Óðal feðranna í Svipjóð:

Umdeildasta listaverk á Íslandi síðan bækur Laxness 1940-60?

KL — Sýningar á Óðali feðranna eru nú hafnar í Svipjóð. Nefnist myndin á máli þarlandra „Drömmen om ett annat liv.“ Í tilefni af sýningu myndarinnar hafði blaðamaður Dagens Nyheter tal af höfundinum, Hrafn Gunnlaugssyni.

Í viðtalinu segir Hrafn, „með illa dulinni hrifningu“, að ekkert annað listaverk hafi valdið eins hneykslaðri umræðu manna á meðal á Íslandi síðan Halldór Laxness ritaði hinar sósl-realístisku bækur sínar á 5. og 6. áratugnum. Hann segir myndina hafa verið svo áhrifamikla á Íslandi, að fólk hafi tæpast verið gjaldgengt í samkvæmislifinu, nema að hafa séð hana, myndin hafði verið aðal-umræðuefni á mannafótum.

Agreiningur hafi verið um flest atriði myndarinnar, allt frá kvenlýsingum til hests-

geldingar, frá ádeilunni á spillunguna innan samvinnu-hreyfingarinnar, sem helst sverji sig í ætt við mafíuna, til nauðgunar á þroskaheftri stúlku.

En Hrafn kann skýringu á viðbrögðum: Í amerískri kvikmynd má gelda hesta og nauðga fólk, það er allt í lagi. En í íslenskri kvikmynd! Og það eins, þó að þetta gerist meðal okkar, það eru í reyndinni geltir 50.000-60.000 hestar hjá okkur árlega.

Hrafn bendir á að Ísland er litíð og einangrað land, einangrun landsins hafi ekki rofnað fyrr en með komu breska setuliðsins 1940. En þjóðerniskennin sé enn sterk. — Stundum er hún heimskuleg, segir Hrafn, full kynþáttafordóma og fasistisk, eins og þegar við höldum því

fram, að við séum gáfadasta þjóð í heimi.

— Menning hefur allaf á Íslandi þýtt það sama og bókmenntir, segir Hrafn.

Því er það, að eldri kynslóðin litur nánast á það sem guðlast að viðhafa þá aðferð Hrafns að líkja saman íslensku fornsögnum og vestra-kvikmyndum. Hann sækir fyrirmyndir sínar til vestrarmyndanna, þegar hann leitast við að gera sér íslenskt myndmál.

— Í minum augum eru hliðstæðurnar augljósar, segir Hrafn. — Fornögurnar okkar fjalla oft um það sama og vestrarnir, frumbyggja og hetjur, sem eru einfara. Hrafn lýsir á nægju sinni yfir að hafa sjálfur svipt af þeim rómantísku hjúpi, sem hefur sveipað líf hins fátæka íslenska fjárbónda.

— Þetta er fátækt og harð-



„Hinir stóru“ í íslenskri menningu.

neskjulegt líf, segir hann. — Líf á bændabýlum, sem eru of litil til að geta nokkurn tíma gefið af sér arð eða geta nýtt nýtskulegar vélar. Bændurnir steypa sér í ævilangar skuldir og sjá aldrei peninga. Og á sama tíma er geysileg umframframleiðsla og við töpum milljörðum króna á því t.d. að selja lambakjöt í fóður handa enskum hundum

fyrir helming framleiðslukostnaðar.

Þar við má bæta hinni himinháa verðbólgu! En hvað um það, Hrafn Gunnlaugsson hefur greinilega ekki annað í huga en að halda áfram að sýna rómantikinni af ástandinu í heimalandi sínu í kvikmyndaverkum sínum sínum, segir blaðamaðurinn að lokum frá eigin brjósti.